

Undir yfirborðinu

BÆKUR

Eftir skjálftann

eftir Haruki Murakami. Uggi Jónsson þýddi. Bjartur 2004.

Titill smásagnasafns japanska rithöfundarins Haruki Murakami, Eftir skjálftann, skírskotar til mannskæðs jarðskjálfta sem varð í Kobe í Japan fyrir sléttum áratug. Smásögurnar í safninu eru sex og gerast allar í febrúar, mánuði eftir skjálftann. Áhrifa hans gætir á líf allra sögupersónanna sem þó voru hvergi nærri þegar skjálftinn reið yfir. Tveimur mánuðum eftir skjálftann mikla gerði sértrúarsöfnuður nokkur gasárás á fjölda manns í neðanjarðarlestarstöð í Tókýó. Murakami, sem þá bjó í Bandaríkjunum, sneri hið bráðasta aftur til föðurlandsins og skrifaði bókina Underground þar sem hann tók m.a. viðtöl við fórnarlömb árásarinnar og meðlimi sértrúarsöfnuðarins. Neðanjarðaröfl eru honum því greinilega hugleikin og eins og kunnugt er búa Japanir á jarðskjálftasvæði og þekkja vel ógnir tröllslegra afla undir yfirborði jarðar. Í súrrealísku smásögunni, Ofur-froskur bjargar Tókýó, taka þau á sig mynd risavaxins Orms sem liggur í dvala undir borginni og skekur jörðina þegar hann reiðist. Og í titilsögu safnsins á frummálinu, Öll guðs börn geta dansað, er sérkennileg sýn á neðanjarðaröflin: „...þá fór hann allt í einu að hugsa um það sem lægi grafið langt niðri í jörðinni sem hann stóð á svo traustum fótum: ógnvænlegir skruðningar hins dýpsta myrkurs, leynd fljót sem flyttu þrár, slímug kvikindi sem iðuðu, felustaðir jarðskjálfta sem biðu þess að leggja heilar borgir í rúst. Allt þetta átti einnig sinn þátt í að skapa takt jarðarinnar“ (75).

Sögurnar í safninu eru áhrifamiklar í kyrrð sinni og tilgerðarleysi. Undir yfirborðinu eru þær tilfinningaríkar án væmni eða helgislepju og taka á sammannlegu og sígildu efni. Í þeim eru svipuð þemu og í skáldsögum Murakami: einmanakennd og rótleysi, höft og höfnun, djass og dularfullar konur, ást(leysi) og undarleg vináttubönd. Fyrsta sagan, Fljúgandi furðuhlutur í Kushiro, er dæmigerð Murakamisaga. Komura er myndarlegur söluaður í ágætum efnum og hamingjusamlega giftur – eða svo heldur hann. Eftir að eiginkonan hefur horft á jarðskjálftafréttirnar í sjónvarpinu í fimm daga samfleytt fer hún frá honum á þeim forsendum að hann sé innantómur og gefi henni ekkert af sjálfum sér. Í ráðleysi sínu gerir Komura sér ferð til Kushiro með lítinn og lauflétan pakka sem hann er beðinn fyrir. Líf hans allt einkennist af doða, honum er sama hvert hann fer, veit ekki hvort hann er svangur eða ekki og man varla til þess að hafa hlegið nýlega. Í Kushiro hittir hann tælandi konu sem færir honum nýjan boðskap og vekur jafnframt með honum undarlega ofbeldishvöt (30). Pakkinn, sem Komura kom samviskusamlega til skila, er táknrænn fyrir hann sjálfan; annaðhvort innihélt hann það sem eiginkona hans fyrrverandi þráði heitast en hann afhenti öðrum umhugsunarlaust, eða hún hafði rétt fyrir sér; að hann var galtómur. Í lok sögu sér Komura að þótt hann sé kominn um langan veg er hann algjörlega á byrjunarreit í lífi sínu. Landslag með straujární fjallar um undarlega vináttu hávöxnu stúlkunnar Junko og furðufuglsins Miyake (frá Kobe) sem hittast til að horfa saman á logandi bálköst úr rekaviði í fjörunni sem Miyake reisir af furðulegri áratú. Bæði eru einmana og hafa yfirgefið fjölskyldu sína en upplifa samkennd við að horfa á eldinn breiðast út um köstinn. Junko finnur fyrir óbærilegum tómleika og þegar Miyake, sem trúir henni fyrir því að hann óttist það eitt að deyja innilokaður í ísskáp, ámalgar við hana eins og ekkert sé að þau gætu t.d. dáið saman segir hún: „Ég hef aldrei nokkurn tímann hugsað um hvernig ég myndi deyja... Ég *get* ekki hugsað um það. Ég veit ekki einu sinni hvernig ég á að *lifa*“ (50). Sagan er mögnuð og átakanleg, frumöflin eldur, loft og vatn mynda umgjörð eða leikmynd meðan lífslöngun persónanna slokknar og kuldi og myrkur taka völd.

„Þeir eru undarleg og dularfull fyrirbæri, ekki satt – jarðskjálftar? Við göngum að því sem gefnu að jörðin undir fótum okkar sé traust og stöðug. Við tölum jafnvel um að fólk sé ‘jarðbundið’ eða sé með báða fætur á jörðinni. En svo sjáum við skyndilega einn góðar veðurdag að svo er ekki. Jörðin, klettarnir, sem eiga að vera svo traustir, breytast allt í einu og verða eins og grautur...“ (85) segir Nimit, bílstjórinn dularfulli í sögunni Taíland. Svo virðist sem Murakami hafi snúið baki að mestu við fantasíunni eftir hörmungarnar í Japan og hallað sér æ meir að sálfræðilegri samfélagsrýni. Smásagnaformið hentar vel til að bregða upp myndum af mörgum ólíkum persónum, einskonar þverskurði af samfélaginu. Jarðskjálftinn í Kobe og gasárásin í Tókýó eru ekki aðeins harmleikur sem hefur áhrif á einstaklinginn heldur breytir hann einhverju í grundvallarþáttum þjóðfélagsins, í hinni japönsku þjóðarsál. Skjálftinn mikli hristir upp í lífi sögupersónanna og breytir stefnu þeirra varanlega – eftir skjálftann lifna þær fyrst við.

Steinunn Inga Óttarsdóttir